



Bókin og fallegur skógarmittill.



Frá vinstri: Elin Marsk (meðleiðbeinandi), Malou Hultcrantz (meðleiðbeinandi), Sigurður Árnason, Mervi Kanerva (andmælandi), Barbro Hedin Skogman (aðalleiðbeinandi), Åsa Laestadius (meðleiðbeinandi).

Doktorsvörn við Karolinska Institutet Sigurður Árnason

Sigurður Árnason varði doktorsritgerð sína í læknávisindum við Karolinska Institutet þann 28. nóvember síðastliðinn. Titill doktorsritgerðarinnar er Andlitslömum og taugaborrelía barna: meðferð og horfur“ (*Facial nerve palsy and Lyme neuroborreliosis in children: treatment and outcome*).

Andmælandi var Mervi Kanerva, hálsnef- og eyrnalæknir við Háskólasjúkrahúsið í Helsinki. Í doktorsnefnd sátu Ann Hermansson, Johan Sanmartin Berglund og Maria Lundgren. Leiðbeinandi Sigurðar í verkefninu var Barbro Hedin Skogman og meðleiðbeinendur voru Elin Marsk, Åsa Laestadius og Malou Hultcrantz.

Sigurður lauk sérnámi í barnalækningum við Astrid Lindgrens barnaspítalann á Karolinska árið 2017. Sigurður stundaði einnig nám við Háskólann í

Oxford árin 2022-2024 og lauk þaðan gráðu í smitsjúkdómalækningum barna (Postgraduate Diploma of Paediatric Infectious Diseases). Sigurður starfaði sem sérfræðingur í smitsjúkdómateymi Astrid Lindgrens barnaspítalans 2017-2022 og gegnir þar áfram hlutastöðu. Frá 2023 hefur Sigurður starfað sem barnalæknir hjá Domus barnalæknum og sem barnalæknir í smitsjúkdómateymi Barnaspítala Hringins síðan 2024.

Doktorsverkefnið fjallar um andlitslömum barna og taugaborrelíu (*Lyme neuroborreliosis*) sem eru samtvinnuð fyrirbæri í löndum þar sem skógarmítlar og borrelía eru landlæg. Skógarmítlar geta borið með sér bakteríuna *Borrelia burgdorferi* sem við mítlabit getur smitast yfir í menn og valdið ýmsum sýkingum. Algengasta sjúkdómsmyndin er húðborrelía með einkennandi flökkuroða (*eryt-*

hema migrans) en sýkingin getur einnig orðið ífarandi og valdið taugaborrelíu. Algengasta einkenni taugaborrelíu hjá börnum er andlitslömum og sömuleiðis er taugaborrelía algengasta greinanlega ástæða andlitslömum barna. Rannsóknirnar í doktorsritgerðinni fjölluðu um faraldsfræði, horfur og meðferð andlitslömum barna í Stokkhólmssléni. Samhliða verkefnum doktorsritgerðarinnar hefur Sigurður unnið að FACE-rannsókninni í Svíþjóð (Facial nerve palsy And Cortisone Evaluation study) sem er slemuð, tvíblind, lyfleysustýrð rannsókn á börnum með andlitslömum til að kanna áhrif stera á útkomu lömunarinnar. Meðferð með sterum er gefin fullorðnum með andlitslömum eftir niðurstöður svipaðra rannsókna en sambærilegar rannsóknir hjá börnum skortir. Fyrstu niðurstaðna úr FACE-rannsókninni er að vænta 2027.

Hvað segir nýdoktorinn?

Af hverju vildir þú verða læknir?

Það var nú aldrei ætlunin að verða læknir. Haustið sem ég „átti“ að byrja í Háskólanum datt mér hins vegar í hug að prófa klásus, sem þá var við lýði. Þó ég hafi ekki komist inn í fyrstu tilraun fannst mér eitthvað heillandi við þetta og ég hef ekki séð eftir því síðan.

Hversu erfitt er að verða doktor, á skalanum 1-10?

Rannsóknarvinnan er að mestu leyti mjög skemmtileg og mjög gagnlegt sem læknir að ganga í gegnum allt ferlið frá rannsóknarspurningu að birtingu greinar. Það sem var klárlega erfðast í doktorsverkefninu voru öll formsatriðin og skriffinnsk-an, það reyndi oft og tíðum verulega á.

Hvert yrði þitt fyrsta verk sem heilbrigðisráðherra?

Að breyta reglugerð 856/2023 frá Heilbrigðisráðuneytinu um veitingu sérfræðileyfa og undirsérgræinaleyfa. Í krafti þessarar

ar reglugerðar taka heilbrigðisfyrirvöld hér á landi í mörgum tilvikum illa á móti þeim sem snúa heim úr sérnámi í undirsérgræinum sem ekki hafa formlega viðurkenningu í því landi sem starfað var. Þetta gildir til dæmis um býsna margar undirsérgræinar í barnalæknisfræði en sú reynsla og þekking sem aflað er getur þó verið afgerandi fyrir heilbrigðisþjónustuna hér á Íslandi. Verði þessari reglugerð og viðhorfi ekki breytt er verulega hætta á mönnunarskort í undirsérgræinum og minni teyðum hér á landi.

Hvað er skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í vinnunni?

Það er skemmtilegast að brasa eitthvað með fjölskyldunni í frítímanum. Annars skortir mig ekki áhugamál en ég hef áhuga á hlaupum, útiveru, skíðum, stangveiði, hjólræðum og fleiru í þeim dúr. Þessa dagana á reyndar „Simply piano“ appið og rafmagnspíanóið hug minn allan!